

# Þróunarsjóður innflytjendamála / Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis / rannsóknar:** *Fjölskyldusamvera/Fjölskyldumorgnar*

**Nafn styrkþega:** *Leikskólasvið og Menningar- og Ferðamálasvið Reykjavíkurborgar*

## Samantekt

Í verkefninu var annarsvegar um að ræða fjölskyldusamveruna *Gaman saman*, í tveimur leikskólum einn laugardag í mánuði og hinsvegar fjölskyldumorgna í Borgarbókasafni tvisvar í viku. Í leikskólanum Garðaborg hittust pólskar fjölskyldur og í Nóaborg hittust spænskumælandi fjölskyldur með fjölbreyttan uppruna. Á vorönninni tengdist verkefnið í Nóaborg móðurmálskennslu fyrir spænskumælandi börn og tók kennari frá þeim þátt í undirbúningi og framkvæmd sem varð til þess að vorhátíðin var haldin í samvinnu leikskólans og spænska móðurmálsþópsins. Í báðum leikskólunum var unnið með mismunandi þemu yfir veturinn s.s. bækur, jólin, öskudaginn, páska ofl. en á síðustu samveru vetrarins var haldin vorhátíð auk þess sem boðið var upp á fræðslu fyrir foreldra. Hver einasta fjölskyldusamvera var vel undirbúin og kynnt fyrir foreldrum og tryggði aðkoma pólsku- og spænskumælandi aðila sem að verkefninu komu og tengslanet þeirra góða aðsókn og áhuga. Verkefnið var vel kynnt eins og sjá má í skýrslu um verkefnið (fylgiskjal 1).

Fjölskyldumorgnar voru tvisvar í viku í aðalsafni Tryggvagötu og Gerðubergi. Ýmist voru þeir nýttir til að efla tengsl foreldra og gefa þeim tækifæri til að bera saman bækur sínar en c.a. mánaðarlega var boðið upp á fræðslu. Fræðslan var um svefn og svefnvenjur, mikilvægi móðurmáls og íslensku sem annað mál, leikskóla í borginni, leik ungra barna og heilsu. Fjölskyldumorgnarnir í aðalsafni voru vel sóttir en ekki gekk eins vel að fá foreldra til að sækja fjölskyldumorgna í Gerðubergi þrátt fyrir að verkefnastjórinn þar legði mikið á sig við að kynna morgnana m.a. með því að ganga í hús sem er umhugsunarefni fyrir áframhaldandi starf. Á Barnamenningarhátíð í Reykjavík leiddu leikskólarnir, Borgarbókasafn og verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði saman hesta sína og buðu upp á pólska, spænska og íslenska menningarveislu sem hátt í 300 manns sóttu (sjá fylgiskjal 1).

Þar sem ekki fékkst nema lítill hluti þess fjármagns sem sótt var um til þróunarsjóðsins breyttist verkefnið talsvert og umfang þess minnkaði. Þrátt fyrir það verður ekki efast um gildi þess en það reyndist mjög mikilvægt fyrir börnin sem tóku þátt og fjölskyldur þeirra ekki síst hvað varðar móðurmál þeirra og menningu auk þess sem fjölskyldusamvera í leikskólunum leiddi af sér ómetanleg tengsl á milli fjölskyldna sem ekki höfðu áður þekkt og höfðu margar hverjar verið einangraðar hér á landi.

**Project Name:** *Family gathering/Family mornings*

**Name of Grantee:** Reykjavik's Department of Preschool Education and the city's Department of culture and tourism.

## **Abstract**

The project was divided in two parts. One was the family gathering (Gaman saman –Fun together) that took place in two preschools one Saturday a month and the other was Family mornings twice a week at the City Library. In the preschools Polish families met in Garðaborg and Spanish speaking families with diverse backgrounds met in Nóaborg. The project leaders at Nóaborg were partly the same as teaching Spanish at the Mother tongue association. In the spring term both parties worked together and planned the spring festival in cooperation. The project leaders in both of the preschools focused on various themes during the family gatherings such as books, Christmas and Easter and at the last gathering, families celebrated spring and summer. The aim was to strengthen the children's knowledge of mother tongue and culture and give families opportunity to make relationships. Consultation and information about the importance of mother tongue, libraries and preschool service was provided occasionally. The project leaders planned each gathering carefully and the participation of Spanish and Polish speaking leaders made it possible to introduce the project successfully within the Polish and Spanish community in Reykjavík.

Family mornings were held twice a week at the City Library in Tryggvagata and Gerðuberg. The parents and children got the opportunity to make relationships, chat and play with each other in relaxed surroundings. Approximately once a month various education and consultation was provided on different topics such as infant's sleep and health, importance of mother tongue and Icelandic as a second language, preschool service in the city, heuristic play and other. At the Reykjavik's children's festival, held in April 2012, the Library and project leaders from the preschools and the city's department of preschool education, participated in a big cultural feast at the main library celebrating Polish, Spanish and Icelandic culture. It was a success and around 300 people attended.

The final project changed and was of a smaller scale than originally planned, mostly because less money was granted than applied for. Despite that it was very important and made a difference for those who participated. Particularly for the children and their parents in regard to their language and culture and to make their access to information easier. Finally it was very positive that families that had been socially isolated in Reykjavik, made friends and relationships through the project.

An illustrated version (in Icelandic) of the whole project is attached to the final report.